



Reykjavík, 6. október 2020  
Fundargerð 210. fundar

*Tilvísun: 2001005*

Þriðjudaginn 6. október var haldinn 210. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 12:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sat fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

Undir lið 1 og 2 sátu fundinn Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri og Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn hjá LRH, Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn hjá RLS.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## 1. Síðustu tölur

Farið stutt yfir tölfræði síðustu daga. Fjöldi smita á höfuðborgarsvæðinu heldur sér, fækkar ekki milli daga og áfram stór hluti þeirra sem greinast ekki í sóttkví.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 2. Hertar takmarkanir á höfuðborgarsvæðinu

Til fundarins var boðað með stuttum fyrirvara vegna neikvæðrar þróunar í fjölda COVID smita á höfuðborgarsvæðinu. Þórólfur kom inn á fundinn fór yfir frekari ráðstafanir sem verið er að fara yfir og leggja upp með í minnisblaði til heilbrigðisráðherra. Um er að ræða ráðstafanir sem taka eingöngu til höfuðborgarsvæðisins. Helstu atriði eru 2ja metra regla, sundstöðum verði lokað, keppnisíþróttum frestað, halda sig heima við, ekki ferðast út á land o.fl. Minnisblaðið er en í vinnslu, en lagt verður til að takmarkanirnar taki strax gildi.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### 3. Ráðstafanir sveitarfélaganna og neyðarstjórna þeirra

Kalla þarf saman neyðarstjórnir sveitarfélaganna vegna þeirra ráðstafana sem er verið að undirbúa og tryggja þarf að allir séu upplýstir. Fundað verður í dag með íþróttafulltrúum og fræðslustjórum á höfuðborgarsvæðinu til að stilla saman og samræma aðgerðir.

*Afgreiðsla:* Á grundvelli AHS verða íþróttafulltrúar og fræðslufulltrúar boðaðir til fundar til að undirbúa og samræma aðgerðir. Sundlaugum á hbs. verður lokað. Hver aðili boðar og upplýsir sína neyðarstjórn. Frekari aðgerðir bíða niðurstöðu minnisblaðs sóttvarnalæknis og reglugerðar ráðherra. Mikilvægt að vera með samræmdar aðgerðir og er það hlutverk AHS að halda utan um það.

### 4. Önnur mál AHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 12:40.

**Næsti fundur verður boðaður sértaklega.**

Fylgiskjöl:

Engin fylgiskjöl.



Dagur B. Eggertsson




Rósa Guðbjartsdóttir




Gunnar Einarsson



Ásgerður Halldórsdóttir



Haraldur Sverrisson



Ármann Kr. Ólafsson